

## Fundargerð

2. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 27. október 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 1. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda. Íslandsmet tilkynnt í ½ maraþoni karla.

### 2. Ábyrgðarskipting stjórnar - starfsnefndir, hópar og héruð

Formaður gerði grein fyrirkomulagi er varðar tengingar stjórnarmanna við fastanefndir og starfsnefndir s.s. sögunefnd. Breytingar frá síðasta starfstímabili stjórnar. Umræður. Ákveðið að vinna málið í þeim farvegi sem formaður lagði upp en endurrýna á vormánuðum.

### 3. Stefnumörkun stjórnar

Haldið áfram að ræða um stefnumörkun WA og stefnt að því að taka upp ýmis verkefni og hluti sem WA hefur innleitt. Rætt um möguleika fyrir stjórnarmenn að taka þátt í stefnumótavinnu á rafrænan hátt. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu á Norðurlöndunum. Minnst á stefnumótunar vinnu síðasta starfstímabils. Miklar og góðar umræðu. Verkefninu ýtt áfram á milli funda.

### 4. Mannvirkjamál og samþykkt vegna meistaramóta og valla

Formaður hefur umræðu um mannvirkjamál og heimildir. Umræður stjórnar. Ákveðið að vísa umræðunni til starfshóps um þjóðarleikvang og mannvirkjanefnd.

### 5. Saga FRÍ og 75 ára afmæli, 2022

Formaður ræðir um afmælið 2022. Varformanni falið að skoða málið milli funda og koma með umræðutilögum á næsta fund.

### 6. Önnur mál

- Uppskeruhátíð. Skipaður starfshópur, Freyr, Guðlaug, Guðmundur og Íris, til að útfæra viðburðinn rafrænt og með hátíðarkaffi fyrir íþróttakonu og íþróttakarlfri.
- Þinggerð. Gert grein fyrir að þinggerðin er á fljúgandi ferð.
- Afreksúthlutun, seinni úthlutun. Afreksstjóri gerir grein fyrir tímalínunni og aðdraganda.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:55 með því að fundarmenn sungu afmælissönginn fyrir formanninn, sem bauð öllum í rafrænt afmæliskaffi.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*